

Laxar Fiskeldi ehf.
Hlíðasmára 4
201 Kópavogur

Reykjavík, 21.12.2021
UST202103-135/H.S.J.
08.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 19.10.21 hjá Löxum Fiskeldi ehf, Fiskalóni

Þann 19. október sl. fór fram eftirlit í seiðastöð Laxa Fiskeldis að Fiskalóni í Ölfusi. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Fjórar ábendingar voru gerðar í eftirlitinu en tvö frávik komu fram er varða:

- 1. Gr. 1.1 í þágildandi starfsleyfi.** Framleiðsluheimild starfsleyfis var 20 tonn á ársgrundvelli. Rekstraraðili framleiddi margfalt leyfilegt magn eða tæp 103 tonn á árinu 2020. **Nýtt starfsleyfi takmarkar eldi við 100 tonna lífmassa á hverjum tíma og er frávikinu því lokað.**
- 2. Gr. 2.1 í starfsleyfi.** Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim og skulu þau endurskoðuð á a.m.k. fjögurra ára fresti. Umhverfismarkmið lágu ekki fyrir í eftirliti. **Markmiðin voru send stofnuninni þann 2. desember sl. og frávikinu er því lokað.**

Öllum þeim gögnum er vörðuðu framangreind frávik hefur verið skilað og starfsleyfi tekur nú til 100 tonna lífmassa á hverjum tíma. Engra frekari aðgerða er því krafist af hálfu rekstraraðila er varðar frávikin.

Umhverfisstofnun óskar eftir því að áætlun um meðhöndlun úrgangs, sem lá fyrir við útgáfu starfsleyfis, verði uppfærð svo hún taki til þeirra skrefa sem rekstraraðili ætlar að taka til að auka endurnýtingu lífbrjótanlegs niðurgangs í stað förgunar með urðun og áætlaðar tímasetningar þeirra skrefa.

Virðingarfyllst

Hulda Soffía Jónasdóttir
sérfræðingur

Frigg Thorlacius
lögfræðingur